



Alþingi - Nefndasvið
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. janúar 2006
Tilvísun: HI05120062/004

Vísað er til bréfs menntamálanefndar Alþingis, dags. 12. desember sl., þar sem rektor og háskólaráði Háskóla Íslands er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, 331. mál 132. löggjafarþings, þskj. 363. Háskólaráð og rektor kjósa að veita umsögn sína sameiginlega fyrir hönd Háskólans og fer hún hér á eftir.


Meginatriði frumvarpsins er að sameina fimm stofnanir í þeim tilgangi að efla rannsóknarstarf og miðlun á sviði íslenskra fræða. Auk þessa er markmiðið að efla fræðilega ráðgjöf til styrktar og eflingar íslenskri menningu.

Háskóli Íslands hefur frá öndverðu lagt áherslu á rannsóknir á sviði íslenskra fræða og margvíslega þjónustu sem því tengist. Markmið frumvarpsins fara vel saman við þessa áherslu en undirstrika verður skýrt að nýrri stofnun verði gert kleift að nýta til fullnustu tækifæri sem breytingin skapar til eflingar á rannsóknar- og þjónustustarfsemi. Mikilsvert atriði þar er nýbygging fyrir stofnunina sem ákveðið hefur verið að rísi á háskólasvæðinu og sérstaklega ber að fagna, en jafnframt er áréttuð nauðsyn þess að rannsóknarstörfum sé markvisst fjölgað, bæði við sjálfstæðar rannsóknir og rannsóknir sem tengjast framhaldsnámi á meistara- og doktorsstigi.

Meðal þeirra stofnana sem frumvarpið gerir ráð fyrir að sameinist innan nýrrar stofnunar, eru tvær sem heyra undir háskólaráð Háskóla Íslands, þ.e. Orðabók háskólans og Stofnun Sigurðar Nordals. Eins og fram kemur í greinargerð hefur Háskólinn tekið þátt í undirbúningi sameiningarinnar og átt samvinnu við menntamálaráðuneyti og forstöðumenn stofnananna um frumvarpsgerðina. Skólinn hefur þannig lýst yfir vilja til þess að umræddar tvær stofnanir hans taki þátt í sameiningarferlinu, en það er þó bundið þeirri forsendu að viðgangur þeirra verkefna sem stofnanirnar hafa haft með höndum verði tryggður innan nýrrar stofnunar í nánu samstarfi við H.Í. Mikilvægt er í því sambandi að allar stefnumarkandi ákvarðanir í sameiningarferlinu verði teknar í fullu samráði við þá sem sinnt hafa þessum verkefnum innan Háskólans og munu gera það áfram innan nýrrar stofnunar.

Það er lykilatriði í sameiningarferlinu og forsenda fyrir því að ný stofnun geti hafið starfsemi með farsælum hætti, að staða hennar og starfsmanna hennar innan háskólasamfélagsins sé alveg skýr. Að mati háskólaráðs og rektors er þetta allvel tryggt með ákvæðum frumvarpsins, en kveða mætti afdráttarlausar á um það í upphafsgrein frumvarpsins að hin nýja stofnun eigi að vera hluti af fræðasamfélagi Háskóla Íslands. Minnt skal á að samkvæmt frumvarpinu munu starfsmenn nýrrar stofnunar áfram halda réttindum sínum innan háskólasamfélagsins.

Virðingarfyllst
Háskóli Íslands



Kristín Ingólfssdóttir
rektor